

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 7/2012.

Reykjavík, 18.04.2012

2012040123

Efni: Ómerktur ofnæmis- og ópolsvaldur (hveiti; glúten) á umbúðum couscous frá Góðu fæði.

Gott fæði ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði eftirfarandi vöru þar sem ofnæmis- og ópolsvaldur er ekki merktur á umbúðum hennar:

Vörumerki: Gott fæði.

Vöruheiti: Couscous.

Pökkunaraðili: Gott fæði ehf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík.

Nettóþyngd: 500 g.

Strikanúmer: 5690595093645.

Dreifing: Matvöruverslanir um land allt.

Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum vörunnar að hún innihaldi hveiti. Korn sem inniheldur glúten (s.s. hveiti) og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og ópolsvalda. Samkvæmt matvælaöggjöfinni eiga ofnæmis- og ópolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla. Tekið skal fram að innköllunin á einungis við vöru þar sem ofnæmis- og ópolsvaldurinn er ómerktur.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir hveiti (glúteni). Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir hveiti (glúteni) eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila vörunni til Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík. Frekari upplýsingar veitir Jóhann Friðleifsson hjá Nathan & Olsen hf. í síma 530 8400.

